

starfsaðferðum á þessu sviði. Á fundunum skal einnig ræða annað, er máli skiptir varðandi störf nefndarinnar.

- 5.2 Formaður skal sjá til þess að fundargerð verði rituð og rannsóknarlögreglu ríkisins sent eintak hennar.
- 5.3 Við lok hvers árs skal formaður taka saman greinargerð um störf nefndarinnar, er verði hluti af ársskýrslu rannsóknarlögreglu ríkisins.

6. **Kostnaður af störfum nefndarinnar.**

- 6.1 Ekki skal greiða lögreglumönnum, sem skipaðir eru í nefndina, sérstaklega fyrir störf þeirra.
- 6.2 Fyrir störf annarra nefndarmanna skal greiða þóknun samkvæmt gildandi töxtum fyrir sérfræðistörf. Þóknunin greiðist úr ríkissjóði samkvæmt venjulegum greiðsluskilmálum.
- 6.3 Ferðakostnaður vegna funda samkvæmt lið 5.1 og norrænna funda skal greiðast af rekstrarfé rannsóknarlögreglu ríkisins.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 108 28. desember 1976 um rannsóknarlögreglu ríkisins, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. september 1988.

Jón Sigurðsson.

Porsteinn Geirsson.

15. september 1988

Nr. 434

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um slátrun, mat og meðferð sláturafurða
nr. 188 6. apríl 1988.**

1. gr.

20. gr. orðist svo:

Svínakjöt.

Fitustig ákvarðast með tveimur mælingum, þ.e. minnsta fituþykkt á miðjum hrygg, mælt frá háþorni (F1) og mesta fituþykkt á herðum (F2).

Við kjötmat ber að greina svín í þrjá aðalflokka: grísi, gyltur og gelti, og merkja kjöt í hverjum þeirra sem hér segir:

1. Grísir.

Ung svín, geltir, sem vanaðir hafa verið innan 3ja mánaða aldurs, og gyltur sem ekki hafa gotið. Grísaskrokkar vegi að hámarki 85 kg og skiptast í fjóra flokka eftir þyngd og fitustigi. Fitustig ákvarðast með tveimur mælingum, þ.e. minnstu fituþykkt á miðjum hrygg (F1) og mestu fituþykkt á herðum (F2). Flokkarnir eru eftirfarandi:

GRÍS I*: Skrokkar sem vega yfir 55 kg, hafa vel vöðvafyllt læri, F1 sé minna en 20 mm og F2 minna en 35 mm. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt. Útlit skrokksins og verkun óaðfínanleg.

GRÍS I: Skrokkar sem vega yfir 36 kg, F1 sé minna en 20 mm og F2 minna en 38 mm. Spiklag skal vera jafnt, þétt, fingert og hvítt. Útlit skrokksins og verkun góð. Krafa um vöðvafyllingu minni en í GRÍS I*.

- UNGRÍS: Ungir grísir sem veга allt að 36 kg, aldur allt að 3ja mánaða. Útlit og verkun óaðfínnanleg, fitudreifing jöfn og F1 minna en 18 mm.
- GRÍS II: Skrokkar með F1 frá 20 til 23 mm og fita annars staðar á skrokknum mikil og ójöfn. Í þennan flokk skal einnig setja skrokka með minni háttar útlitsgalla.
- GRÍS III: Óhóflega feitir skrokkar, F1 yfir 23 mm, eða mjög rýrir skrokkar. Einnig skal meta í þennan flokk grísi með meiriháttar útlitsgalla, svo sem mikil einkenni kláðasýkingar, bitsár, vansköpun og aðra þá útlitsgalla sem rýra verulega verðgildi þeirra.

2. Gyltur.

Gyltur sem ganga með fósturi eða hafa gotið eða leggja sig á yfir 85 kg fallþunga. Gyltur aðgreinast í tvo flokka:

GYLTA I: Skrokkar af ungunum, vöðvafylltum og vel útlítandi gyltum, sem ekki teljast óhóflega feitar. F1 ekki yfir 35 mm.

GYLTA II: Skrokkar af öðrum gyltum.

3. Geltir.

Geltir á öllum aldri, sem ekki hafa verið vanaðir innan þriggja mánaða aldurs, svo og geltir sem leggja sig á yfir 85 kg.

GÖLTUR I: Skrokkar af ungunum, vel útlítandi göltum, sem ekki veга yfir 100 kg.

GÖLTUR II: Skrokkar af öðrum göltum.

4. Svínakjöt í heilbrigðisflokk 2:

Kjöt af svínunum sem kjötskoðunarlæknir dæmir í heilbrigðisflokk 2 (sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 168/1970), skal merkt þannig:

a. Kjöt af grísum, GRÍS IV.

b. Kjöt af öðrum svínunum, SVÍN IV.

2. gr.

5. mgr. 33. gr. falli brott.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 30, 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. september 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um umferð í Tálknafjarðarkauptúni.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps og samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50 frá 30. mars 1987, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Tálknafjarðarkauptúni:

- 1) Strandgata njóti forgangs gagnvart götum, sem að henni liggja:
 - a) Biðskylda verði á Lækjargötu gagnvart Strandgötu.
 - b) Biðskylda verði á Hafnargötu gagnvart Strandgötu.
 - c) Biðskylda verði á Hrafnadalsvegi gagnvart Strandgötu.